

# HÚSÖNDIN

5.tbl. 3.árg.  
5. febrúar 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 6.-12. FEBRÚAR

- 7.2. Kristján Snær Friðriksson  
10.2. Enes Tok  
11.2. Guðný Jónsdóttir

Guðspjónusta verður í Reykjahlíðarkirkju næstkomandi  
sunnudag 9.febrúar á fyrsta sunnudegi í níuviknaföstu  
klukkan 14:00.

Organisti og kórstjóri er Jaan Alavere.

„Á mildan og viðkvæman hátt er fegurðin ofin inn í hversdaginn, svo að við  
veitum henni tæpast athygli. Hvar sem mildi er, umhyggja og góðvild,  
þar er fegurð.“ (John O' Donohue)

Eigum notarlega stund í kirkjunni okkar!

Verið velkomin!





# FJÖLSKYLDUSIRKUS KVÖLD HÚLLADÚLLUNNAR

Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps

FÖSTUDAGINN 7. FEBRÚAR

18:30 - 20:00

VERIÐ ÖLL VELKOMIN!

AÐGANGUR ÓKEYPIS!

Börn yngri en 8 ára mæta  
í fylgd fjölskyldu!



HÚLLADÚLLAN KEMUR MED  
SKEMMTILEGT SIRKUSDÓT OG  
VIÐ LEIKUM ÖLL SAMAN!

NÁNARI UPPLÝSINGAR:  
[WWW.HULLADULLAN.IS](http://WWW.HULLADULLAN.IS)

# VERKEFNASTJÓRNUN FYRSTU SKREFIN

**27.02.2020**

**Kl: 10:30-14:30**

**Verð: 38.000.-**

*Stutt lýsing:*

Á námskeiðinu er farið í grunninn á verkefnastjórnun sem og hvað verkefnastjórnun er og hvar hún getur nýst. Áhersla er á undirbúning og eftirfylgni verkefna til að tryggja árangur.

Námskeiðið veitir heildarsýn á uppbyggingu verkefna og hvernig hægt er að beita verkefnastjórnun á lítil sem stór verkefni.

*Ávinningur þinn:*

Að auka skilning á verkefnastjórnun og leiðum til betri árangurs.

Að þróa hæfni í að taka við verkefnum og leysa þau.

**KENNARI:**

**SVEINBJÖRN JÓNSSON, M.SC. Í VERKFRÆÐI OG MPM.**

**SVEINBJÖRN ER SAMRÆMINGARSTJÓRI HJÁ ISAVIA.**

Á námskeiðinu er fjallað um:

- Skilgreiningu á hvað er verkefni og hvað er verkefnastjórnun.
- Undirbúning verkefna og ræs.
- Hvernig skilgreina á markmið verkefna og hvernig árangur er metinn.
- Uppsetning verkefnis: Hvernig tíma- og kostnaðaráætlanir líta út.
- Eftirfylgni verkefnisáætlunar.
- Skil og lúkning verkefna.

Félagsmenn í stéttarfélaginu Framsýn og Verkalýðsfélagi Þórshafnar hjá ríki og sveitarfélögum athugið! Starfsmenntasjóðirnir Sveitamennt og Ríkismennt greiða námskeiðsgjald vegna þátttöku almennra starfsmanna sveitarfélaga og ríkisins. Þetta á einnig við stofnanir ríkis og sveitarfélaga sem eru aðilar að Sveitamennt og Ríkismennt.

**Félagsmenn Starfsmannafélags Húsavíkur fá ókeypis á námskeiðið og skrá sig á smennt.is**



## Langar þig að vera upp á fjöllum í sumar?

Þá erum við með skemmtilega vinnu fyrir þig.

Vera leiðsögumaður hjá okkur í dagsferðunum upp í Öskju.

Góð ensku kunnátta og hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar Ragna 863-2821 eða Gísli Rafn 892-8585

Mývatn Tours

## Reiðkennsla

Þorsteinn Björnsson reiðkennari verður með reiðkennslu í Torfunesi í vetur

Kennt er í einkatímum nánari upplýsingar og skráning í

síma 8639222 Baldvinn Kr.

Birna Hólmgeirsdóttir reiðkennari verður einnig með reiðkennslu í vetur í Torfunesi

Kennt er í einkatímum nánari upplýsingar veitir Birna í síma 8480066.

Þjálf og Torfunes





Viltu komast í þeirra hóp?  
Þau hafa öll starfað sem  
sumarnemar hjá  
Þekkingarneti Þingeyinga

Á hverju sumri stendur  
Þekkingarnetið fyrir  
rannsóknarverkefnum sem  
unnin eru í samstarfi  
starfsmanna Þekkingarnetsins  
og háskólanema  
Við hvetjum áhugasama til að  
hafa samband fyrir í mars,  
háskólanema í atvinnuleit og  
fyrirtæki/stofanir með  
verkefnahugmyndir

Vertu með  
okkur í  
sumar!



Áhugasamir eru beðnir um að  
hafa samband við  
Lilju á lilja@haci.is eða  
Helenu á helena@haci.is  
eða í síma 464 5100  
  
www.haci.is

## Góðir sveitungar!

Nú vantar gamla Skútustaðakirkjuorgelið nýjan dvalarstað á góðu heimili þar sem reglusemi og guðsótti eru í hávegum höfð.  
Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður í síma 897-7811

Sigurður Böðvarsson fyrir hönd sóknarnefndar.



## Könnun um líðan Mývetninga - Taktu þátt rafrænt

Hamingjukönnunin 2020 er klár og þú getur tekið þátt rafrænt með því að fara inn á heimasíðu Skútustaðahrepps. Þetta eru aðeins 15 spurningar og tekur 2-4 mínútur að svara. Þegar niðurstöður könnunarinnar liggja fyrir verður farið í sértækari aðgerðir sem miða að því að auka hamingju og vellíðan íbúa sveitarfélagsins. Því skiptir miklu máli að sem flestir taki þátt í könnuninni. Niðurstöður verða ekki greindar niður á einstaklinga og öll svör eru trúnaðarmál. Það er einlæg ósk okkar að Mývetningar taki þessu verkefni vel enda er því ætlað að gera heilsuelflandi samfélag okkar enn betra.

Eitt af mikilvægustu stefnumálum sveitarstjórnar er að stuðla að vellíðan og hamingju íbúanna. Fyrsta skrefið var að leggja fyrir könnun um líðan Mývetninga á síðasta ári og ýmislegt gert í kjölfarið svo sem að bjóða upp á fræðslu og fyrirlestra, aukið íbúasamráð o.fl. Nú er sem sagt komið að því að endurtaka könnunina sem verður með einfölduðu sniði að þessu sinni. Sveitarfélagið hefur fengið Þekkingarnet Þingeyinga líkt og áður til að leggja fyrir könnun um líðan Mývetninga. Hægt er að svara könnuninni rafrænt með því að smella á linkinn. Ennfremur verður verður hringt út til íbúa og þeir bednir að svara könnuninni.

Spurningalistinn var unninn með aðstoð frá Embætti landlæknis og með hliðsjón af rannsókn Jóhönnu Jóhannesdóttur.

